



Til aðildarsveitarfélaga SSH

Kópavogur, 10. desember 2021

**Efni: Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins.**

Á 532. fundi stjórnar SSH, hinn 6. desember 2021, var ofangreint til umræða og eftirfarandi bókað í fundargerð:

*"Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti framkomna tillögu um áframhald verkefnisins. Frekari kynning tillögunnar fari fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska. Stjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra endanlegt fyrirkomulag og samstarfssamning samkvæmt tillögu ráðgjafahópsins og leggja fyrir stjórn á næsta fundi."*

*Ráðgjafahópur verkefnis hefur fundað tvisvar síðan til að fara yfir útfærslur að samstarfssamningi milli sveitarfélaganna og liggja nú fyrir drög að samstarfssamning dags. 2. desember 2021. Einnig eru fyrirbyggjandi drög að samningi milli SSH og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 2. desember 2021. Þá eru fyrirbyggjandi fundargerðir ráðgjafahóps verkefnisins.*

**Niðurstaða fundar:**

*Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög fyrir sitt leyti og felur skrifstofu SSH að senda fyrirbyggjandi samningsdrög um áframhald verkefnisins til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna og þeirra samtaka atvinnulífsins sem gert er ráð fyrir að eigi aðild að samningnum. Jafnframt er skrifstofu SSH falið að óska eftir tilnefningum í stefnuráð.*

*Í framhaldi af afgreiðslu sveitarfélaganna er framkvæmdastjóra veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita samstarfssamning við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um stofnun samstarfsvettvangs um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið á starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.*

Beiðni um afgreiðslu sveitarfélaga:

1. Meðfylgjandi eru drög að samstarfssamningi um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið dags. 2. desember 2021 og eru þau lögð fram til umræðu og afgreiðslu sveitarfélagsins. Þess er óskað að samstarfssamningurinn verði **staðfestur** á vettvangi sveitarfélagsins og framkvæmdastjóra þess **falið fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita samstarfssamninginn.**
2. Einnig er farið fram á **tilnefningu** tveggja kjörinna fulltrúa í stefnuráð sbr. grein 2.3. í samningsdrögunum. Hvert sveitarfélag tilnefnir tvo fulltrúa að undanskilinni Reykjavíkurborg sem tilnefnir þrjá. Kjörnir fulltrúar verða aðeins skipaðir til 30. maí 2022 vegna sveitastjórnarkosninga.

**Þess er óskað að afgreiðsla samstarfssamnings, umboð til undirritunar hans og tilnefningar í stefnuráð berist á netfangið [ssh@ssh.is](mailto:ssh@ssh.is) eigi síðar en 15. janúar nk.**



Gert er ráð fyrir að ráðgjafahópur verkefnisins starfi áfram í óbreyttri mynd en vilji sveitarfélög tilnefna nýjan fulltrúa í hópinn skal það tilkynnt til skrifstofu SSH. Fulltrúar skulu vera úr hópi kjörinna fulltrúa eða búa yfir sérþekkingu á málaflokknum og vera í aðstöðu til þess að leiða verkefni áfram innan síns sveitarfélags. Sjá frekari upplýsingar um ráðgjafahópinn í grein 2.4. í samningsdrögum.

Óskir um kynningar, sbr. framangreint, berist Jóni Kjartani Ágústssyni, svæðisskipulagsstjóra höfuðborgarsvæðisins, sem er tengiliður þessa verkefnis. Netfang hans er jon@ssh.is og símanúmer 8485271.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd SSH

Páll Björgvin Guðmundsson  
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

- DRÖG\_Samstarfssamningur um samstarfsvettvang um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið.pdf
- DRÖG\_Samstarfssamningur\_ANR og SSH\_nóv2021.pdf
- 9. Fundargerð ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu.pdf
- 10. Fundargerð ráðgjafahópur um áfangastaða- og markaðsstofu.pdf